

Fundargerð 75. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 15. ágúst kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur, Freyr Eyjólfsson verkefnastjóri hringrásarhagkerfisins og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 74. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 20. júní sl., lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Lagabreytingar sl. sumar gera ráð fyrir miklum breytingum á framlengdri framleiðendaábyrgð og starfsemi Úrvinnslusjóðs. Gert er ráð fyrir að ábyrgðin, í gegnum starfsemi Úrvinnslusjóðs, muni koma til með að ná yfir stærri hluta af kostnaði sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Stofnaður hefur verið bakhópur sveitarfélaga um ábyrgðarkerfið. Verkefnisstjórnin hefur fjallað um málið á síðustu fundum sínum.

Nú hefur umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra skipað starfshóp um endurskoðun á fyrirkomulagi framleiðendaábyrgðar. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri SORPU bs. á sæti í hópnum. Hlutverk hans er að meta árangur þess kerfis sem Úrvinnslusjóður byggir á, kortleggja kosti þess og galla, gera samanburð við fyrirkomulagið hjá þeim þjóðum sem við berum okkur helst saman við, meta hvort kerfið styðji nægilega við innleiðingu hringrásarhagkerfis og markmið laganna, m.a. með því að leggja mat á skilvirkni þess og í hve miklum mæli það styðji við nýsköpun og bjóði upp á heildarlausnir. Hópnum er ætlað að skila tillögum fyrir 1. nóvember nk.

Gestur fundarins undir þessum lið var Valgeir Páll Björnsson, sérfræðingur hjá SORPU bs. og greindu hann og Eygerður frá vinnu við greiningu kostnaðar sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs, m.a. varðandi útreikning raunkostnaðar við söfnun úrgangsflokka, reglur um flutningsjöfnun o.fl. Niðurstöður þessarar greiningar ættu að liggja fyrir í september. Fram komu gagnlegar ábendingar um atriði sem taka þarf tillit til í þessu verkefni.

Framleiðendaábyrgð verður til frekari umfjöllunar á næsta fundi verkefnisstjórnar og verður þá gerð frekari grein fyrir niðurstöðum greiningar, ásamt væntanlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar.

3. Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi - 2112034SA

Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi, sem sambandið stendur að með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, er í fullum gangi. Í sumar var ráðist í könnun meðal sveitarfélaga sem nýtist m.a. í áframhaldandi vinnu ráðgjafa sem starfa með sambandinu að átakanu. Verið er að leggja drög að fundi undir merkjum átaksins samhliða kynningu á nýrri handbók um úrgangstjórnun sveitarfélaga sem sambandið kom að og Umhverfisstofnun gaf út í júní sl.

Verkefnisstjóri og Freyr Eyjólfsson sögðu frá framvindu átaksins, kynntu frumniðurstöður könnunarinnar og sögðu frá þeirri vinnu sem er framundan. Vinna við gerð svæðisáætlana gengur heilt yfir ágætlega. Innleiðing Borgað þegar hent er fyrirkomulags mun hins vegar án efa reynast mjög krefjandi fyrir sveitarfélög en möguleikar til samstarfs um þá framkvæmd eru miklir.

Fram kom að 13. september er stefnt að málþingi um innleiðingu hringrásarhagkerfis og vonast verkefnisstjórn eftir góðri þátttöku sveitarstjórnarfólks og starfsfólks sveitarfélaga á þeim fundi.

4. Fyrirhugað samstarf OR og SORPU bs. - 2009109SA

Orkuveita Reykjavíkur, Veitur og SORPA bs. hafa undirritað viljayfirlýsingu um að skoða fýsileika þess að nýta glatvarma sem fellur til í fyrirhugaðri sorpbrennslu. Forsendur fyrir ábyrgri sorpbrennslu er endurheimt varma til orkunýtingar.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs. gerði grein fyrir verkefninu. Fram kom í máli hans að lítil framvinda er í að undirbúa sorpbrennslu sem þjónað geti öllu landinu, í framkvæmni af frumgreiningu sem lauk á sl. ári. Hins vegar er í gangi hagkvæmniathugun um líforkuver á Norðurlandi, sem ætti að liggja fyrir í haust.

5. Tilraunaverkefni um grenndarstöðvar og meðhöndlun heyrúlluplasts - 2009015SA

Sigurður Halldórsson framkvæmdastjóri Pure North Recycling var gestur fundarins í þessum lið og kynnti hann tilraunaverkefni um breytta þjónustu grenndarstöðva, ráðgjöf til fyrirtækja, meðhöndlun heyrúlluplasts héraendis á vegum fyrirtækisins og vinnslu afurða úr plasti. Fram kom að breytingar á reglum Úrvinnslusjóðs skapa tækifæri til frekari söfnunar og meðhöndlunar á heyrúlluplasti af öllu landinu, stuðlað að betri skilum á plasti frá bændum og lækkað raunkostnað sveitarfélaga sér í lagi þegar málum er þannig háttað að sveitarfélög sjá um að taka á móti heyrúlluplastinu sjálf í samstarfi við bændur eins og dæmi eru um. Svaraði Sigurður jafnframt spurningum frá fundarmönnum ásamt því að lýsa sinni sýn á frekari skref í þjónustu í úrgangsmálum.

6. Önnur mál - 2009111SA

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður haldinn mánudaginn 19. september kl. 10.00. Gert er ráð fyrir fjarfundi.

Fundi var slitið kl. 12:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson